

**431. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1, Tálknafirði,
miðvikudaginn 14. september 2011 og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS), Birna Benediktsdóttir (BB), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Ásgeir Jónsson (ÁJ), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Ása Jónsdóttir (ÁJ), Guðni Ólafsson (GÓ),

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir, ritari.

Dagskrá:

- 1. 1108004F - Byggingarnefnd Tálknafjarðarhrepps - 38**
Fundargerðin staðfest samhljóða.
- 2. 1108010F - Hafnarstjórn Tálknafjarðarhrepps - 2**
1. og 2. tl. teknir út og vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar 2011.
Fundargerðin í heild sinni samþykkt samhljóða.
- 3. 1109003F - Húsnæðisnefnd - 13**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 4. 1109016 - Samráðsnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps,
fundargerðir 22 – 26.funda.**
Sjá
<http://talknafjordur.is/vesturbyggd/talknafjordur/stjornsyslan/fundargerdir/samradsnefnd/>
Fundargerðirnar samþykktar samhljóða.
- 5. 1105046 - Félagsmálanefnd Vestur Barðastrandarsýslu fundargerðir 2 -
4 fundar 2011**
Fundargerðirnar samþykkt samhljóða.
- 6. 1107012 - FV fundargerðir stjórnar og fundargerð samráðsvettvangs
ríkisstjórnar**
Fundargerðin lögð fram til kynningar,
- 7. 1107009 - Samband íslenskra sveitarfélaga fundargerð 788.fundar
stjórnar þann 24.júní 2011**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- 8. 1005041 - Tálknafjarðarhreppur beiðni um umsögn og framkvæmdaleyfi
vegna gámasvæðis við Nýjabæ**
Hreppsnefnd samþykkir framkvæmdaleyfi fyrir gá mavöll við Nýjabæ skv. bókun byggingarnefndar frá 19.maí 2010. Samþykkt samhljóða.
- 9. 1109001 - Verksamningur um byggingu og rekstur gá mavallar á
Tálknafirði**
Afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar. Samþykkt samhljóða.

10. 1106043 - Skipulagsstofnun, jarðborun í Tálknafirði umsagnarbeiðni.

Lögð fram umsögn oddvita dags. 29. júní 2011. Samþykkt samhljóða.

11. 1104058 - Jarðborun í Tálknafirði

Fyrir liggur úrskurður skipulagstofnunar um að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Ekki hefur fengist staðfesting á fjármögnun frá Orkusjóði, sem er 60% af kostnaði. Fyrir liggur samþykkt á 8 milljón kr. styrk til verkefnisins frá Orkusjóði. Málið unnið áfram. Samþykkt samhljóða.

12. 1108032 - Skólamáltíðir útboð vegna skólaársins 2011-2012

Fyrir liggur undirritaður samningur um skólamáltíðir vegna ársins 2011-2012, ásamt uppfærðum reglum sveitarfélagsins um sama efni. Borið upp til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

13. 1109017 - Vestfjarðavegur 60

Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps lýsir yfir vonbrigðum með ákvörðun innanríkisráðherra um vegabætur á sunnanverðum Vestfjörðum. Með tillögunni um hina svokölluðu D-leið er gengið þvert á vilja íbúa og annarra hagsmunaaðila í fjórðungnum enda hefur leiðinni ítrekað verið hafnað af Vestfirðingum.

D-leiðin er fjallvegur um tvo torfæra hálsa og veglagning á nýrri leið mun valda óbætanlegum skaða á náttúru Hjallaháls og Ódrjúgsháls með miklum skeringum í kjarrivöxnum hlíðum. Íbúar á Vestfjörðum hafa lagt áherslu á láglandisleið og þar með styttingu vegalengda og ferðatíma sem aftur lækka ferðakostnað og flutningskostnað sem bæta munu lífsgæði íbúa og starfsskilyrði fyrirtækja á svæðinu. En ekki síður minnka útblástur kolefna í andrúmsloftið.

Minnt er á að Vegagerðin, Samgönguráðuneyti, Umhverfisráðuneyti og Alþingi Íslendinga höfðu áður samþykkt hina svokölluðu B-leið sem besta kost í öllu tilliti. Það vekur því mikla furðu að fallið sé frá þeim ákvörðunum.

Hreppsnefnd leggur áherslu á að hvergi verði hvikað frá þeim markmiðum að koma á heilsárssamgöngum á láglandisvegi. Samþykkt samhljóða.

14. 1108059 - Vegagerðin - Baldur

Fyrir fundinum liggur svar Vegagerðarinnar við bréfi oddvita þar sem lýst var áhyggjum varðandi umferð um vegi á sunnanverðum Vestfjörðum meðan ferjan Baldur sinnir verkefnum Herjólfis nú á haustdögum. Þar kemur fram að vegagerðin telur ólíklegt að snjór eða aurbleyta komi til með að hindra umferð á þessum tíma sem um ræðir. Komi til þess að vegurinn lokist af einhverjum ástæðum er fyrsti kostur að kanna hvort unnt er að fara með flutninga um Ísafjarðardjúp, þótt sú leið sé mun lengri!!

„ Hreppsnefnd vonar að Vegagerðin framfylgi öryggisáætlun sinni, en bendir góðfúslega á að seint munu þungaflutningar frá og til sunnanverðra Vestfjarða fara um Ísafjarðardjúp. Samþykkt samhljóða. „ Ásgeir víkur af fundi.

15. 1108063 - Fjórðungssamband Vestfj. - Umhverfisvottaðir Vestfirði.

Guðni Ólafsson kemur inn á fundinn.
Erindinu frestað. Samþykkt samhljóða.

- 16. 1108062 - Iðnarráðuneytið - Tillaga um vernd og orkunýtingu landsvæða.**
Erindinu frestað til næsta fundar. Samþykkt samhljóða.
- 17. 1108060 - Veiðimálastjóri - skil á skýrslum um refa- og minnkaveiðar á veiðiárinu 2010/2011**
Oddvita falið að kanna hvernig þessum málum er háttað annarsstaðar án aðkomu ríkisins. Samþykkt samhljóða.
- 18. 1108048 - Lilja Magnúsdóttir - tímabundið leyfi frá störfum fjallskilanefndar.**
Leyfi Lilju samþykkt og 1. varamaður, Hannes Kristjánsson, tekur sæti sem aðalmaður, en formaður nefndarinnar verður Vignir Arnarson. Samþykkt samhljóða.
- 19. 1108041 - Jafnréttisstofa - jafnréttisáætlun.**
Félagsmálastjóri sveitarfélagsins er með málið í vinnslu og hefur sveitarfélagið frest til 15. desember til að afgreiða málið. Samþykkt samhljóða.
- 20. 1108040 - UMFÍ - Forvarnir munntóbaki.**
Oddvita falið að ganga frá málinu. Samþykkt samhljóða.
- 21. 1108031 - UMFÍ 2. Landsmót UMFÍ 50+ árið 2012**
Hreppsnefnd hefur ekki áhuga að sinni. Samþykkt samhljóða.
- 22. 1107044 - Landvernd - Vistvernd í verki 18. -20. ágúst. Beiðni um styrk að fjárhæð kr. 25.000**
Erindinu hafnað. Samþykkt samhljóða.
- 23. 1107042 - Fjórðungssamband- Samn um menningarmál.**
Undirritaður samningur lagður fram. Samþykkt samhljóða.
- 24. 1107041 - Sjávarútvegsráðuneytið - Reglur um dragnótaveiðar í vestfirskum fjörðum.**
Lagt fram til kynningar. Samþykkt samhljóða.
- 25. 1107028 - Brunabót - Styrktarsjóður EBÍ og fulltrúaráðsfundur EBÍ**
Guðni Ólafsson verður fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum. Samþykkt samhljóða.
- 26. 1107026 - Námsgagnasjóður - úthlutun 2011**
Framlag grunnskóladeildar Tálknafjarðar er kr. 50.716.-, lagt fram til kynningar. Samþykkt samhljóða.
- 27. 1109018 - SÍS - Ungmennaráð sveitarfélaga.**
Lagt fram til kynningar. Samþykkt samhljóða.
- 28. 1107017 - VII. Umhverfisping 14. október 2011 - Þáttaka ungmenna.**
Tálknafjarðarhreppur mun ekki senda fulltrúa. Samþykkt samhljóða.
- 29. 1106044 - Umhverfisráðuneytið beiðni um umsögn við stjórnsýslukæru dags. 6.júní 2011.**
Umsögn Tálknafjarðarhrepps dags. 5. júlí, sem samþykkt var í tölvupósti af hreppsnefnd, liggur fyrir fundinum, en þar segir m.a.: Tálknafjarðarhreppur fagnar allri uppbyggingu á atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu, en hefur ítrekað

bent á að þar sem sveitarfélög hafa ekki skipulagsvald utan netalaga er ákvörðun í höndum til þess bættra aðila. Því er mikilvægt að samráð sé haft á milli stofnana vegna uppbyggingar á atvinnustarfsemi. Samþykkt samhljóða.

30. 1106042 - Alþingi Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd. Beiðni um umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða (uppboð aflaheimilda), 839.mál.

Lagt fram til kynningar. Samþykkt samhljóða.

31. 1106041 - Alþingi Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd beiðni um umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða (heildarlög), 827.mál.

Lagt fram til kynningar. Samþykkt samhljóða.

32. 1105054 - Varasjóður húsnæðismála úthlutun framlaga vegna sölu félagslegs íbúðahúsnæðis

Með samkomulagi milli velferðarráðherra og fjármálaráðherra fh. ríkissjóðs og Sambands Ísl. sveitarfélaga um rekstrarframlög til Varasjóðs húsnæðismála verður fjármunum varið til greiðslu á framlögum vegna sölu félagslegs eignar og leiguhúsnæðis á árinu 2011. Hreppsnefnd hefur ákveðið að auglýsa íbúðina að Túngötu 40A til sölu og áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum. Samþykkt samhljóða.

33. 1107027 - Skipulagsstofnun - Skipulagsreglugerð - Landsskipulagsstefna

Engin umsögn send. Samþykkt samhljóða.

34. 1109012 - UMFT - áskorun um sundlaugardúk.

Oddvita og forstöðumanni íþróttahúss falið að finna lausn á málinu. Samþykkt samhljóða.

35. 1108061 - Ferðamálasamtök Vestfj - Vesturferðir ehf

Ferðamálasamtök Vestfjarða bjóða til sölu hluta af eignaraðild sinni í Vesturferðum. Hreppsnefnd þakkar boðið, en sér sér ekki fært að taka þátt. Samþykkt samhljóða.

36. 1109014 - UMFÍ - Ráðstefna fyrir ungt fólk 22.-24. september 2011.

Styrkbeiðni hafnað. Samþykkt samhljóða.

37. 1109015 - Aðalfundur Iceland Sea Angling hf, 17.september á Súðavík.

Björgvin Sigurjónsson verður fulltrúi Tálknafjarðarhrepps á fundinum. Samþykkt samhljóða.

38. 0811032 - Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra

Oddviti kynnti framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda. Oddviti lagði fram drög að samningi um gatnagerðargjald, stofngjald vatnsveitu og fráveitu, byggingarleyfis- og afgreiðslu- og þjónustugjöld tæknideildar Tálknafjarðar og Vesturbyggðar, sem tekið verður formlega fyrir æa næsta fundi hreppsnefndar. Ný heimasíða Tálknafjarðarhrepps, hönnuð af Snerpu, mun fara í loftið í lok vikunnar.

39. 1107023 - Fasteignamat 2012

Lagt fram til kynningar.

- 40. 1107056 - Framlag sérþarfir fatlaðra nemenda í grunnskólum 2011.**
Lagt fram til kynningar,
- 41. 1107018 - Ársfundur Starfsendurhæfingu Vestfjarða 29.04.2011 -
Ársskýrsla og reikningur.**
Lagt fram til kynningar.
- 42. 1109013 - Jöfnunarsjóður - framlag v/ fasteignaskattstekna 2011.**
Lagt fram til kynningar.
- 43. 1107029 - Slysavarnafélagið Landsbjörg - Öryggisbúnaður ungs fólk í
vinnu.**
Lagt fram til kynningar.
- 44. 1105059 - Þjóðskjalasafn Íslands, skil á eldri skjölum sveitarfélagsins.**
Lagt fram til kynningar.
- 45. 1107054 - Fjórðungssamb. - 56. Fjórðungsping 2. til 3. september 2011.**
Lagt fram til kynningar.
- 46. 1108030 - Heilbektirl - Sundlaugin baðvatnssyni**
Lagt fram til kynningar.
- 47. 1108049 - Menningarráð Vestfjarða -- boðun á aðalfund 02.09.2011**
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:20.

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____